

# LÖG um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað ríkissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

### 2. gr.

Nú telur þjóðminjavörður ástæðu til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt hús þessi eða mannvirki hafi ekki enn náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa, og er þjóðminjavérði þá heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. Um bætur eða tjón, sem eigandi eða notandi verður fyrir vegna þessara ráðstafana, fer samkv. 6. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

### 3. gr.

Byggingar í eign ríkisins, sem varðveittar eru sem fornleifar samkv. ákvæðum 2. gr., er heimilt með samþykki þjóðminjavárðar að nota til þess að koma þar fyrir byggðasafni, þ. e. gripum, áhöldum og alls konar munum, er tilheyrðu slikum byggingum og tíðkaðist að nota á því tímabili, er þessar byggingar voru reistar, svo að bygging og húsbúnaður verði í fullu samræmi.

Nú er um fleiri en eina byggingu að ræða og ágreiningur um, hverja þeirra skuli velja til afnota fyrir byggðasafnið, og skal þá hlíta um það úrskurði þjóðminjavárðar. Afnot af framangreindum byggingum skulu bundin þessum skilyrðum:

1. Að safnið teljist sjálfstæð deild í þjóðminjasafni Íslands og verði undir eftirliti þjóðminjavárðar.
2. Að safnið sé viðurkennd eign héraðs eða héraða (landsfjórðungs) og eigandi þess skuldbindi sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að i góðu lagi sé.
3. Að þeir aðilar, er að byggðasafninu standa, leggi alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa.

### 4. gr.

Nú ákveður hérað eða héruð í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem hæfar eru taldar til slikefni safngeymslu, að dómi þjóðminjavárðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að  $\frac{1}{4}$  kostnaðar, enda samþykki þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

### 5. gr.

Byggðasöfn, er fullnægja ákvæðum laga þessara, njóta styrks úr ríkissjóði, þannig að árlegur kostnaður af viðhaldi og umsjón þeirra greiðist að  $\frac{2}{3}$  úr ríkissjóði og  $\frac{1}{3}$  af þeim, er að byggðasafninu standa.

### 6. gr.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með byggðasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum og njóta styrks úr ríkissjóði.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengið úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, tekið gripi safnsins til varðveislu.

### 7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um tölu þeirra byggðasafna, er styrks njóta samkvæmt þeim.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.